

---

**Fundargerð 86. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**  
**Dagsetning: miðvikudagur 17. mars 2021 klukkan 16:30 á Teams.**

Viðstaddir á Teams:

Helga Guðmundsdóttir, Hilmar Már Arason, Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Ragnheiður Arnardóttir áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Björg Ágústsdóttir formaður kom seinna inn á fundinn vegna anna. Skólameistari setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fund.

**Dagskrá:**

**1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar**

Fundargerð samþykkt samhljóða og verður sett á netið.

**2. Ytra mat FSN**

Fundarmenn skoðuðu helstu niðurstöður skýrslu ytra mats. Niðurstöður eru heilt yfir mjög jákvæðar en helsta áhyggjuefnið er að erfiðlega hefur gengið að fá foreldra til að starfa í foreldraráði og hefur starfsemi foreldraráðs legið niðri um nokkurt skeið. Úr þessu þarf að bæta!


Það er mjög gagnlegt að fá ábendingar um það sem betur má fara og þar af leiðandi hægt að bregðast við því.

**3. Stefna FSN**

Það er kominn tími á að skerpa á stefnu skólans. FSN fylgir að sjálfsögðu lögum um framhaldsskóla og aðalnámskrá. Mjög margar nýjar minni stefnur hafa verið mótaðar en það þarf að skerpa á heildarstefnu skólans. Hilmar Már Arason talaði um að góða reynslu af vinnu Sigurborgar Kr. Hannesdóttur við mótun stefnu. Vangaveltur um frekari stefnumótun og hvernig hægt væri að nota niðurstöður úr ytra mati sem grunn. Það væri mjög sterkur leikur að fara af stað í stefnumótunarvinnu strax í vor. Fundarmenn telja að það sé betra að fara í hugmyndavinnu í beinu framhaldi af vinnu í vor en ekki eftir sumarfrí. Það er mjög áriðandi að hafa nemendur með og sérstaklega mikilvægt að hafa einnig nemendur framhaldsdeildar með. Skólameistari mun leita til Sigurborgar vegna fyrirhugaðrar stefnumótunarvinnu FSN.

**4. Nýjungar í FSN**

Það er verið að keyra tilraun með breytingum á stundatöflu þar sem engir fastir tímar eru á föstudögum. Einhverjir nemendur virðast eiga erfitt með að halda einbeitingu í 60 mínútur. Það eru frekar sterkari nemendur sem nýta sér verkefnatíma. Nemendum finnst erfitt þegar það er frí eins og námsmat



eða vetrarfrí í tvo daga af fjögura daga viku og eftir stendur bara einn fastur tími í þeirri viku.

Það er verið að kenna mjög spennandi áfanga í FSN í rafíþróttum.

Það er einnig búið að búa til nýsköpunar- og frumkvöðlabraut við FSN og verður hægt að innrita sig á hana haustið 2021. Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut er 200 eininga stúdentspróf og að hluta til með sama kjarna og aðrar brautir. Á brautinni verður kennd nýsköpun, forritun og fleira spennandi. Það á að vera mjög auðvelt að læra og kenna á þessari braut í fjarnámi.

Kennarar í FSN eru mjög duglegir að prófa nýjungar og að þróa og breyta til í kennslunni. Fjórir kennarar úr FSN eru á námskeiði um nýjungar í kennsluháttum t.d. vegna áskorana vegna Covid. Þeir telja að námskeiðið sýni að kennarar FSN séu mjög framfarlega í kennsluháttum og að þau séu að læra lítið nýtt en eru dugleg að deila sinni reynslu og að fræða aðra. Gunnlaugur Smárason vinnur að kynningarefni á FSN og Freydís Bjarnadóttir sér um samfélagsmiðlana.

Við lifum á spennandi tímum og sjáum breytingar gerast dag frá degi.

## 5. Önnur mál

- Nemendur eru að undirbúa Sólardaga og árshátíð sem verður haldin fimmtudaginn 25. mars. Árshátíðin verður með breyttu sniði en það verður ekki ball. Steindi og Auddi munu halda uppi stuði sem veislustjórar og í boði verður matur frá Kaffi 59. Það er fyrirhugað að halda alla vega einn stærri viðburð eftir páska. Nemendur úr framhaldsdeildinni á Patreksfirði munu koma í næstu viku en þeir hafa ekki komið í eitt ár vegna Covid.
- Skólameistari upplýsti fundarmenn um samstarf UMFG og FSN í rafíþróttum en UMFG hefur útbúið mjög flotta aðstöðu.
- Það er stöðugt verið að fylgjast með brotthvarfi og þá sérstaklega á Covid tímum. Fyrstu niðurstöður benda ekki til meira brotthvarfs á Covid tímum heldur þvert á móti. Þessi önn verður skoðuð líka sérstaklega með tilliti til brotthvarfs. Þjálfun og sérstök kennsla fyrir nýnema á Teams á haustönn hefur reynst mjög vel.
- Kennarar við FSN eru mjög tölvulæsir og færir í að miðla námsefni. Nemendur við FSN eru einnig mjög tölvulæsir og bæði þjálfaðir og færir í að læra í fjarnámi. Teams og moodle eru að virka mjög vel saman, nemendur í framhaldsdeild og fjarnemendur eru að fá miklu betri þjónustu. Kerfisfræðingur FSN er algjörlega frábær og gerir nemendum og kennurum fært að vinna hvar sem er og hvenær sem er í heiminum.
- Næsti fundur ákveðinn í kringum miðvikudaginn 14. apríl með Sigurborgu til að undirbúa aðferðarfræði og áætlun vegna fyrirhugaðar stefnumótunarvinnu.

Fundið slitið klukkan 17:35.